

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum:

Í styrki til rannsóknna- og þróunarverkefna í sjávarútvegi.

Lögð verður áhersla á verkefni sem snerta fiskeldi, líftækni, veiðar, vinnslu, búnað, gæði og markaði. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsóknna-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar styrkjum til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins.

**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum
í síðasta lagi 1. febrúar 2007.**

Í markaðsverkefni bleikjuafurða.

Veitt verður sérstakt 10 milljóna króna framlag næstu þrjú ár til markaðs- og sölustarfs í bleikju. Þessum fjármunum verður úthlutað í gegnum AVS.

**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum
í síðasta lagi 1. febrúar 2007.**

Í aflaheimildir til áframeldis á þorski.

Sjávarútvegsráðherra hefur til ráðstöfunar sérstakar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Aflaheimildirnar eru ætlaðar þeim sem vilja stunda tilraunir með áframeldi á þorski

**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum
í síðasta lagi 22. janúar 2007 merktar:
„Úthlutun á þorskaflaheimildum til áframeldis.“**

Í styrki til rannsóknna- og þróunarverkefna í líftækni.

Áhersla er lögð á verkefni sem hafa sterka tengingu við atvinnulífið og leiða til tækni- og nýsköpunar á landsbyggðinni.

**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum
í síðasta lagi 1. febrúar 2007 sérstaklega merktar:
„Líftækninet í auðlindanýtingu.“**

Upplýsingar um líftækninetið veitir Jóhann Örlygsson (jorlygs@unak.is).

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu, www.avs.is,
þar sem nálgast má leiðbeiningar um gerð umsókna.**

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.